

AFSKRÁNINGARBEIÐNI

Verksmiðjunúmer: _____ Tegund: _____

Skráður eigandi: _____ Kennitala: _____

Ástæða afskráningar (verður að tilgreina):

- Úrvinnsla (skilavottorð nauðsynlegt)
- Ökutæki flutt úr landi (staðfesting nauðsynleg)
- Ökutæki er týnt
- Ökutæki er ónýtt (sjá yfirlýsingu)
- Fornökutæki – 25 ára (sjá yfirlýsingu)

Afdrif skráningarmerkja (verður að tilgreina):

- Afhent við afskráningu
- Þegar skráð í geymslu (innlögð)
- Týnd (sjá yfirlýsingu)

- Yfirlýsing um ónýtt ökutæki:** Ég undirritaður lýsi því yfir að ökutækið var skráð úr umferð fyrir 1. júlí 2003. Ökutækinu hefur verið fargað og ekki er unnt að fá útgefið skilavottorð.
- Yfirlýsing um fornökutæki:** Ég undirritaður lýsi því yfir að ökutækið verður varðveitt sem safngripur.
- Yfirlýsing um týnd skráningarmerki:** Ég undirritaður lýsi því yfir að skráningarmerki ökutækisins hafa glatast, en ef þau finnast þá mun ég sjá til þess að þeim verði skilað inn án tafar.

Undirritun eiganda / dagsetning

Staðfesting móttökuaðila / móttökudagsetning

LEIÐBEININGAR VIÐ AFSKRÁNINGU ÖKUTÆKIS

Afskráning eiganda: Skráður eigandi skal sjálfur undirrita afskráningarbeiðni. Ef beiðnin er undirrituð fyrir hans hönd skal umboð fylgja, vottað með tveimur vottum sem náð hafa 18 ára aldri.

Afskráning án samþykkis eiganda: Samgöngustofu er heimilt að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda ef staðfest er af þar til bærur aðila að skilyrði til afskráningar hafi verið uppfyllt (sjá afskráningarástæður hér að neðan). Áður en ökutæki er afskráð án samþykkis eiganda skal gefa honum mánaðar frest til að mótmæla afskráningunni.

Afskráð vegna úrvinnslu: Ef afskráð er vegna úrvinnslu skal framvísa **skilavottorði** frá viðurkenndri söfnunarstöð með afskráningarbeiðni. Ekki er unnt að endurskrá ökutæki sem hefur verið afskráð vegna úrvinnslu.

Skilagjald: Skilagjald er aðeins greitt vegna **bifreiða** sem eru **afskráðar vegna úrvinnslu** (sjá skilyrði hér að ofan), enda hafi þær verið skráðar hér á landi eftir 1. janúar 1980. Skilagjaldið er að fjárhæð kr. 20.000, en frá þeirri fjárhæð eru dregin áhvílandi opinber gjöld af bifreiðinni. Skilagjaldið er aðeins greitt skráðum eiganda eða meðeiganda. Við afskráningu skal tilgreina reikningsnúmer í eigu skráðs eiganda eða meðeiganda og er skilagjaldið lagt beint inn á þann reikning.

Flutningur úr landi: Heimilt er að afskrá ökutæki sem verður eða hefur verið flutt úr landi. Framvísa þarf staðfestingu á flutningi úr landi frá flutningsaðila eða tollstjóra. Ef ökutæki hefur verið skráð í öðru landi og framvísað er staðfestingu á því (t.d. skráningarskírteini) er ökutæki afskráð.

Ökutæki er týnt: Heimilt er að afskrá ökutæki sem er týnt, sé það staðfest af þar tilbærum aðila.

Ökutæki er ónýtt: Heimilt er að afskrá ökutæki ónýtt sem skráð hefur verið úr umferð fyrir 1. júlí 2003, enda lýsi eigandi því yfir að ökutækinu hafi verið fargað og ekki unnt að fá útgefið skilavottorð (sjá yfirlýsingu.)

Fornökutæki: Heimilt er að afskrá ökutæki sem hefur náð 25 ára aldri (miðað við árgærð eða fyrstu skráningu), enda lýsi eigandi því yfir að ökutækið verði varðveitt sem safngripur (sjá yfirlýsingu).

Skráningarmerkjum fargað: Við afskráningu skal skila skráningarmerkjum ökutækis inn til Samgöngustofu eða skoðunarstofu, nema þau séu þegar skráð í innlög, hafi verið flutt úr landi með ökutæki eða eru týnd (sjá yfirlýsingu). Skráningarmerkjum er fargað við afskráningu.

Endurskráning: Óheimilt er að endurskrá ökutæki sem var afskráð vegna úrvinnslu eða ónýtt, en í öðrum tilvikum er endurskráning heimil.

Dagsetning afskráningar: Dagsetning afskráningar miðast við móttökudag afskráningarbeiðni hjá Samgöngustofu eða skoðunarstofu, enda komi móttökudagsetning fram á beiðninni, staðfest af móttökuaðila. Heimilt er þó að miða afskráningardag við skráningardag erlendis (sjá flutning úr landi).

Tryggingar, opinbergjöld og álestur: Eigandi verður sjálfur að tilkynna tryggingafélagi um afskráningu ökutækis vegna tryggingariðgjalda. Opinber gjöld falla ekki niður við afskráningu. Nauðsynlegt getur verið að láta lesa af öikumæli við afskráningu og tilkynna álestur til RSK.